

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Eyjafjarðarsveit.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Vörðuhóll (A2).

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóðarinnar Vörðuhóls (A2). Í breytingunni felst að hámarksbyggingarmagn íbúðarhúss og sambyggðrar bílgeymslu hækkar úr 300 m² í 400 m².

Heildarbyggingarmagn á lóðinni helst óbreytt, allt að 500 m², þar sem hámarksbyggingarmagn útihúss lækkar úr 200 m² í 100 m². Hámarksstærð bílgeymslu, sem má vera allt að 40% af flatarmáli íbúðarhúss, helst óbreytt.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. mars 2026.

Ölduhverfi, Bogalda 8–18.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Ölduhverfis. Breytingin felst í því að tveimur raðhúsallengjum við Bogöldu 8-18, með þremur R1-húsum hvor, er breytt í tvær raðhúsallengjur með fjórum R3-húsum. Við breytinguna fjölgar íbúðum um tvær og húsnúmer með sléttum tölum við Bogöldu breytast frá þessum lóðum og upp úr. Jafnframt verður til ný gerð raðhúsa, R3, og gilda sömu skilmálar fyrir R1 og R3 að öðru leyti en því að hámarksstærð R3 verður 135 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 26. febrúar 2026.

Ofangreindar tillögur hafa hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 24. mars 2026.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 10. apríl 2026